

Nd.

472. Breytingartillögur

við frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 2. gr. Greinin hljóði svo:

Verðlagsuppbót skal veitt í hlutfalli við visitölu kauplagsnefndar, er reiknuð sé út mánaðarlega, og hækki launin að sama skapi og vísitalan hækkar og greiðist mánaðarlega eftir á. Þó skal þessi verðlagsuppbót ekki greidd á hærri laun en 400 kr. á mánuði.

Á þau laun, sem hærri eru en 400 kr. á mánuði og allt að 650 kr. skal greidd uppbót samkvæmt reglum, sem settar eru í 2. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940, og skulu þessi laun teljast til 3. flokks í þessum reglum. Þeir starfsmenn, sem hafa laun yfir 7800 kr. á ári, að meðtöldum greiðslum fyrir aukastörf, fá enga verðlagsuppbót.

2. Við 8. gr. Greinin falli burt.